

Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn Iceland s: 464-4163 f. 464-4363, netf. gudrunm@myv.is

Skipulags- og umhverfisnefnd - 18.06.2012

18. fundur 18. júní 2012 kl 10:00-12:00

Fundarstaður: Skrifstofa Skútustaðahrepps v/Hlíðarveg

Fundarmenn:

Margrét Hólm Valsdóttir form.

Birgir Steingrímsson

Eyrún Björnsdóttir

Karl E. Sveinsson

Pétur Snæbjörnsson

Starfsmenn:

Bjarni Reykjálín, skipulagsfulltrúi

(fundarritari)

1. Stækkun Kröfluvirkjunar. Deiliskipulag - Skipulagslýsing

S20120601

Erindi dags 13. júní 2012 frá Björk Guðmundsdóttur, verkefnisstjóra, f.h. Landsvirkjunar þar sem óskað er eftir heimild sveitarstjórnar Skútustaðahrepps til að láta vinna deiliskipulag vegna stækkunar Kröfluvirkjunar skv. meðfylgjandi skiplagslýsingu frá Landslagi ehf, dags í maí 2012. Málið var áður kynnt á sameiginlegum fundi sveitarstjórnar og skipulags- og umhverfisnefndar í Reykjahlíð 24. maí s.l.

Skipulags- og umhverfisnefnd gerir nokkra athugasemdir við framkomna skipulagslýsingu. Ekki eru nefnd samfélagsleg áhrif sem stækkun Kröfluvirkjunar gæti haft, t.d. mannfjöldapróun á meðan að framkvæmdum stendur og eftir að þeim lýkur. Einnig er nauðsynlegt að aðgengi almennings verði ekki heft að svæðinu, hvorki á né eftir framkvæmdatíma. Skipulags- og umhverfisnefnd beinir þeim tilmælum til sveitarstjórnar að hún samþykki að Landsvirkjun verði heimilað að láta vinna umrætt deiliskipulag í samræmi við fram komna skipulagslýsingu, og að hún verði kynnt skv. 2. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og jafnframt verði tekið tillit til ofangreindra athugasemda

2. Deiliskipulag þéttbýlis í Reykjahlíð.

S20120204

Lögð fram tíma- og kostnaðaráætlun frá Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssyni og félagum ehf. vegna vinnu við fyrirhugað deiliskipulag þéttbýlis í Reykjahlíð. Á fundi sínum 26. mars s.l. samþykkti skipulags- og umhverfisnefnd að fela skipulagsfulltrúa í samráði við sveitarstjóra að leita eftir samningum við skipulagsráðgjafa til að vinna deiliskipulag þéttbýlis í Reykjahlíð. Á síðasta fundi nefndarinnar 22. maí s.l. var síðan ákveðið að ganga til samninga við Teiknistofu arkitekta, Gylfa Guðjónsson og féлага ehf til að vinna þetta verkefni.

Skipulags- og umhverfisnefnd beinir þeim tilmælum til sveitarstjórnar að gengið verði til samninga við teiknistofuna um deiliskipulag á öllu leigulandi sveitarfélagsins á grundvelli framkominnar tíma- og kostnaðaráætlunar.

3. Múlavegur 9a. Umsókn um áframhaldandi stöðuleyfi

S20120501

Ódagsett erindi frá Ólafi Þresti Stefánssyni, kt. 010661-4989, Múlavegi 9a þar sem hann óskar eftir framlengingu á útrunnu stöðuleyfi fyrir fasteign sína að Múlavegi 9a til þriggja ára eða til og með ársinu 2015. Ástæðan fyrir þessari ósk er sú að hann hyggst flytja húsið á framtíðarlóð í landi Voga 3, en þar sem hvorki aðal- né deiliskipulag sé tilbúið auk annarra ástæðna telur hann sig þurfa umræddan frest til að koma áformum sínum í framkvæmd.

Þar sem ekki er hægt að veita stöðuleyfi fyrir íbúðahúsnæði skv. kafla 2.6 í nýjum mannvirkjalögum getur nefndin ekki orðið við erindinu. Nefndin felur skipulagsfulltrúa að finna framtíðarlausn í samstarfi við umsækjanda.

4. Arnarvatn, verslunar- og þjónustusvæði. Deiliskipulagstillaga

S20120302

Tekin fyrir endurskoðuð tillaga að deiliskipulagi hótelsvæðis í landi Arnarvatns frá Per. Meðfylgjandi er uppdráttur frá Mannviti (PLC). Skipulags- og umhverfisnefnd tók erindið upphaflega fyrir á fundi sínum 22. maí s.l. Nefndin gerði nokkrar athugasemdir við þá tillögu og hefur verið brugðist við þeim í endurskoðaðri tillögu.

Skipulags- og umhverfisnefnd gerir ýmsar athugasemdir við tillöguna á þessu stigi en felur skipulagsfulltrúa engu að síður, í samráði við formann skipulags- og umhverfisnefndar, að kynna hana fyrir íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum á almennum fundi skv. 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 áður en hún kemur til afgreiðslu í sveitarstjórn.

5. Bjarnarflag. Umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir borun rannsóknarhola 8-16 og 8-17.

S20120601

Erindi dags 30. maí 2012 frá Herði Arnarsyni, forstjóra f.h. Landsvirkjunar þar sem þess er farið á leit með tilvísan í 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að sveitarstjórn Skútustaðahrepps veiti leyfi fyrir borun á tveimur 2000-2500 m rannsóknarholum á Bjarnarflagssvæðinu, B-16 og B-17. Tilgangurinn með borun holanna er að kanna nánar jarðhitakerfið við Námafjall til öflunar gufu með hagkvæmum hætti fyrir fyrirhugaða jarðhitavirkjun í Bjarnarflagi. Borteigurinn er innan iðnaðarsvæðisins í gildandi aðal- og deiliskipulagi. Fylgiskjöl með umsókn er afstöðumynd borteigs B-16 og B-17 og aðkomuvegar og ljósmynd sem sýnir fyrirhugaðan stað.

Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leyti og beinir þeim tilmælum til sveitarstjórnar að hún samþykki að Landsvirkjun verði veitt umbeðið leyfi til borunar á rannsóknarholum þegar uppfyllt hafa verið skilyrði skv. bókun sveitarstjórnar í viðauka við deiliskipulagi um að samkomulag við landeigendur liggi fyrir.

6. Kálfaströnd. Stofnun lóðar

S20120602

Erindi dags 13. júní 2012 frá Elínu Einarsdóttur, kt. 020154-7569, Kálfaströnd 2, Skútustaðahreppi þar sem hún óskar eftir að stofnuð verði lóð úr landi Kálfastrandar 1, skv. meðfylgjandi hnitsettum uppdrætti frá Búgarði (GHG) dags 15. Júní 2012.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að erindið verði samþykkt og byggingarfulltrúa verði falið að annast stofnun lóðarinnar.

Fundi slitið